

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. maí 2017

18. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL 39

**MICHELSEN**  
ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

## Sólarkísilver-Silicor er rafmagnslaust

Silicor Materials þarf að endursemja við Orku náttúrunnar um raforku fyrir risaverksmiðjuna á Grundartanga. Fjármögnun verkefnisins miðar enn hægt. »6



### »2 Skoðar bónusa hjá Borgun

Fjármálaeffirlitið (FME) skoðar hvort Borgun hafi farið á svig við lög í september í fyrra þegar allir starfsmenn greiðslukortafyrirtækisins fengu 900 þúsund króna launauppbót hver.

### »4 Vinna ekki á eignabólu

Höfundur nýrrar skýrslu um húsnæðismarkaðinn á Íslandi segir beitingu þjóðhagsvarúðartækja, eins og hámarks veðsetningarhlutfalls, ekki slá á verðhækkun sem stafar af húsnæðisskortri.

### »8 Getur umbylt netverslun

„Gervigreind mun að mínu mati leika svipað hlutverk í framtíðinni og tölvur gera nú í lífi okkar.“

## SJÓNMAELINGAR ERU OKKAR FAG

Tímarpantanir:

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500  
Optical Studio í Smáralind, 5288500  
Optical Studio í Keflavík, 4213811



KEFLAVÍKUR

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



## Ríkið á óbeint í Marel fyrir 24 milljarða

Óbeinn eignarhlutur Landsbankans og Lindarhvals, eignarhaldsfélags sem heldur utan um stöðugleika-eignir sem voru framseldar til ríkisins, í Marel í gegnum Eyri Invest er metinn samanlagt á ríflega 24 milljarða króna en hlutabréfaverð fyrirtækisins hefur hækkað um 51 prósent frá áramótum. Marel er langsamlega stærsta félagið í Kauphöllinni og nemur markaðsvirði þess um 268 milljörðum.

Landsbankinn, sem er nánast alfarið í eigu íslenska ríkisins, fer með yfir 23 prósent eignarhlut í Eyri Invest en fjárfestingafélagið er stærsti einstaki hluthafi Marel með 27,24 prósent. Þá á félagið einnig um þriðjungshlut í Eyri Sprotum sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum. Í byrjun maí í fyrra setti Landsbankinn allan hlut sinn í Eyri Invest í opið sölufarli. Fimm tilboð bárust í hlut bankans í félaginu og var þeim öllum hafnað. Á þeim tíma var óbeinn hlutur bankans í Marel metinn á tæplega 12 milljarða miðað við þáverandi gengi bréfa félagsins. Sá hlutur hefur hins vegar hækkað í virði um meira en fimm milljarða á um einu ári og er markaðsverðmæti hans í dag um 17 milljarðar.

Eignarhaldsfélagið Lindarhvoll á tíu prósent hlut í Eyri Invest en bréfin í fjárfestingafélaginu voru á meðal þeirra eigna sem slitabú gamla Lands-

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel.



# 7,3

milljarða virði er óbeinn eignarhlutur Lindarhvals, eignarhaldsfélags ríkisins, í Marel í gegnum Eyri Invest

bankans (LBI) framseldi til íslenskra stjórnvalda í tengslum við samþykkt nauðasamninga í árslok 2015. Lindarhvoll hefur enn ekki selt neitt af hlut sínum í Eyri Invest og er óbeinn eignarhlutur félagsins í Marel metinn á um 7,3 milljarða.

Rekstur Marel hefur gengið afar vel á undanförunum misserum og var 2016 besta ár fyrirtækisins frá upphafi. Hagnaður nam 76 milljónum evra og jókst um þriðjung frá fyrra ári. Þá voru heildartekjur 983 milljónir evra og hækkuðu um meira en 160 milljónir evra á árinu. Fyrsti ársfjórðungur fór einnig vel af stað og skilaði Marel hagnaði upp á 21,3 milljónir evra sem er um 50 prósent aukning frá sama tímabili í fyrra. Í febrúar síðastliðnum var tilkynnt að Eyri Invest hefði selt rúmlega tveggja prósent hlut í Marel til MSD Partners og nam kaupverðið um 4,3 milljörðum.

– hae

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Jégisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Apótek**  
Garðabæjar

**Gríptu lyfin á leiðinni heim**  
**Apótek Garðarbæjar í alfaraleið**



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

## FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

NI nettó BONUS

Samkaup Juvall Samkaup Síðis



Allir starfsmenn Borgunar fengu 900 þúsund króna launauppbót í september. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## FME skoðar bónusana sem Borgun greiddi út

Fjármálaeftirlitið skoðar hvort greiðslukortafyrirtækið Borgun hafi farið á svig við lög með greiðslu 900 þúsund króna launauppbótar til allra starfsmanna. Heildargreiðslan nam 126 milljónum en ekkert vitað um möguleg áhrif á Borgun.

Fjármálaeftirlitið (FME) skoðar nú hvort Borgun hafi farið á svig við lög í september í fyrra þegar allir starfsmenn greiðslukortafyrirtækisins fengu 900 þúsund króna launauppbót hver. Forstjóri Borgunar segir að svo virðist sem FME telji greiðslurnar brjóta gegn reglum stofnunarinnar um kaupaukakerfi en óljóst sé gegn hvaða ákvæði þeirra fyrirtækið eigi að hafa brotið.

„Þetta var eingreiðsla hjá okkur sem við borguðum í september og töldum okkur hafa rétt til þess. Enda væri þetta eins og aðrar eingreiðslur líkt og til dæmis jólabónusar. Þetta mál er í ferli hjá FME og við biðum niðurstöðu þeirra,“ segir Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar.

Stjórn Borgunar samþykkti í september í fyrra að greiða öllum starfsmönnum fyrirtækisins launauppbótina. Þannig fengu þeir að njóta „þess vaxtar og viðgangs sem orðið hefur í rekstri fyrirtækisins síðustu misseri, sem er ekki sist mikill og góðri vinnu starfsfólksins að þakka“. FME skoðar nú hvort lagaskilyrði til

Þetta var eingreiðsla hjá okkur sem við borguðum í september og töldum okkur hafa rétt til þess. Enda væri þetta eins og aðrar eingreiðslur líkt og til dæmis jólabónusar.

Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar.



greiðslanna teljist uppfyllt og hefur gefið Borgun tækifæri til að koma fram með frekari sjónarmið. Meint brot varðar viðurlög í formi sektargreiðslu en ekkert liggur fyrir um möguleg fjárhagsleg áhrif á rekstur greiðslukortafyrirtækisins. Þar störfuðu 140 manns í árslok 2016 og nam heildargreiðslan í september því 126 milljónum króna.

„Þetta verður túlkunaratriði og við vitum ekki hver niðurstaðan verður. En við skoðuðum lögina og reglurnar áður en þetta var greitt út og töldum eingreiðsluna ekki falla undir ákvæði þeirra,“ segir Haukur.

Reglur FME um kaupaukakerfi byggja á lögum um fjármálaframtæki sem var breytt árið 2015. Með breytingunum var meðal annars kveðið á um að kaupaukar til starfsmanna megi ekki vera hærri á ársgrundvelli en sem nemur þrennum mánaðarlaunum. Einnig væri óheimilt að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka. Þá skuli fresta útgreiðslu að minnsta kosti 40 prósent af ákvörðuðum kaupauka í að minnsta kosti þrjú ár.

Íslandsbanki er stærsti eigandi Borgunar, með 63,5 prósent hlut, en bankinn er alfarið í eigu íslenska ríkisins. Þau svör fengust frá FME að stofnunin tjái sig ekki um einstök mál. haraldur@frettabladid.is

## Íhuga að fækka útgáfudögum DV

Forsvarsmenn DV íhuga að fækka útgáfudögum úr tveimur í einn og mun blaðið þá einungis koma út sem helgarblað. Þetta herma heimildir Markaðarins og að breytingin muni taka gildi á næstu vikum.

Sigurvín Ólafsson, framkvæmdastjóri DV, segir að engin slík ákvörðun hafi verið tekin á þessu stigi. „Það er ekki búíð að ákveða neitt slíkt eða hvenær það gæti legið fyrir.“

Greint var frá því í síðasta mánuði að breytingar hafi verið gerðar á stjórn Pressunnar ásamt því að hlutafé í félaginu var aukid um 300 milljónir króna. Pressa er móðurfélag Vefpressunnar, DV og Birtings.

Björn Ingi Hrafnsson lét í kjölfarið af störfum sem stjórnarfor-



DV hefur verið gefið út tvisvar í viku frá árinu 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er ekki búíð að ákveða neitt slíkt eða hvenær það gæti legið fyrir.

Sigurvín Ólafsson, framkvæmdastjóri DV

maður og útgefandi Pressunnar og tók Gunnlaugur Arnason við starfi stjórnarformanns.

Í nóvember 2013 var ákveðið að fækka útgáfudögum DV úr þremur í tvo og efla í staðinn netútgáfu miðilsins. – sg



PERFORMANCE



Sheer  
Driving Pleasure



# BMW X5 PLUG-IN HYBRID. ALLTAF MEÐ FJÓRHJÓLA- DRIFIÐ TENGT.

**BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 9.690.000 KR.**

Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem vól er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sama stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km\* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

BL



# Hefðbundin tæki slá ekki á eignabólu

Höfundur skýrslu um fasteignamarkaðinn á Íslandi segir beitingu þjóðhagsvarúðartækja, eins og hámark veðsetningarhlutfalls, ekki slá á hækkun vegna húsnæðisskorts. Seðlabankastjóri hefur sagt að slík tæki kunni að verða virkjuð til að draga úr áhættu af ofhitnun.

„Þegar mikil hækkun á fasteignaverði skýrist einkum af framboðs-tregðu á íbúðamarkaði, eins og hefur verið reyndin á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár, þá getur reynt erfitt fyrir seðlabanka að beita hefðbundnum þjóðhagsvarúðartækjum til að vinna gegn mögulegri húsnæðisbólunni,“ segir Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur og höfundur nýrrar skýrslu Reykjavík Economics um húsnæðismarkaðinn, í samtali við Markaðinn.

Algengast er að slíkum stjórn-tækjum sé beitt þegar ofhitnun á fasteignamarkaði stafar af óhóflegri skuldsetningu heimila. Magnús bendir hins vegar á að staðan sé önnur hér á landi þar sem ekki sé merkjanlegur útlánavöxtur og þá fara skuldir heimila sem hlutfall af landsframleiðslu enn lækkandi og voru 77,4 prósent í árslok 2016 en fóru hæst í rúmlega 124 prósent árið 2009.

Á það er bent í skýrslu Magnúsar, sem er unnin fyrir Íslandsbanka, að íbúðaverð hefur hækkað um 19 prósent að raungildi frá mars 2016 til mars 2017 sem er mun meira en sem nemur aukningu kaupmáttar launa yfir sama tímabil. Slík þróun þykir oft vísbending um það kunni að vera að myndast eignabóla á húsnæðismarkaði.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri gerði þetta meðal annars að umtalsefni í ræðu sinni á ársfundi Seðlabanka Íslands í mars síðastliðnum. „Því er ekki að leyfa að vaxandi áhyggjur eru af aðstæðum á fasteignamarkaði og til þess kann að koma á næstunni að tiltæk þjóðhagsvarúðartæki verði virkjuð til að draga úr áhættu sem tengist þeim,“ kom fram í máli seðlabankastjóra. Á meðal þeirra stjórn-tækja eru reglur sem hægt er að setja um hámark á veðsetningarhlutfall fasteignalána. Heimild til þessa hefur enn ekki verið nýtt hér á landi en í þeim löndum þar sem þessu þjóðhagsvarúðartæki hefur verið beitt, eins og bent er á í síðasta fjármálastöðugleikariti Seðlabankans, er algengast að hlutfallið sé á bilinu 80 til 90 prósent.

## Stigi varlega til jarðar

Fram kemur í skýrslu Magnúsar að rannsóknir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi sýnt að stjórn-tæki eins og hámark veðsetningarhlutfalls og takmörkun á hlutfalli tekna af greiðslubyrði lána geti komið að gagni til að slá á myndun húsnæðisverðbólunni sem og óheftan útlánavöxt – að minnsta kosti til skemmri tíma lítið. Þá væri einnig mögulegt að stytta hámarks-



Íbúðaverð hefur hækkað um 19 prósent að raungildi frá mars 2016 til mars 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

lánstíma eða takmarka hámarks-lengd íbúðalána við fyrstu kaupendur. „Fjármálastofnanir gætu með virkri ráðgjöf aðstoðað viðskiptavini sína við að stytta lánstíma, til dæmis ef launatekjur viðkomandi lánatakanda hækkuðu það mikið að það myndi leyfa aukna greiðslubyrði án þess að það kæmi niður á framfærsluviðmiðunum,“ segir í skýrslunni.

Magnús Árni setur hins vegar spurningamerki við það hvort hefðbundin þjóðhagsvarúðartæki Seðlabankans skili tilætluðum árangri þegar húsnæðisskortur er fyrir hendi. Þá sé jafnframt erfiðleikum bundið að fara í aðgerðir gegn þeim sem leigja út íbúðir til ferðamanna á almennum markaði, eins og í gegnum Airbnb.

„Seðlabankinn getur vissulega haft áhrif á verðþróun á fasteignamarkaði með beitingu þjóðhagsvarúðartækja,“ útskýrir Magnús, „en hins vegar væri æskilegra ef fjármálastofnanir og lífeyrissjóðir sýndu frumkvæði í að sjálfregluvæða starfsemi sína.“ Þar nefnir Magnús meðal annars sem dæmi að hægt væri að setja tímabundið upp strangara greiðslumat og þannig koma í veg fyrir „hringekjuverðlagningu fasteigna þar sem sama fasteignin er

## Helstu þjóðhagsvarúðartæki


- Stjórna lánsfjárluþætti með því að setja hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána.
- Skilyrði um hlutfall tekna og greiðslubyrði útstandandi lána þannig að lán geti ekki verið hærri en ákveðinn fjöldi mánaðartekna eða hlutfallstala af ráðstöfunartekjum.
- Takmarka ákveðna gerð útlána og krefja lánveitendur, til dæmis banka, um að binda fé á móti útlánunum.
- Auka bindiskýldu lánveitenda með því að þvinga þá til að byggja upp sjóði til tryggingar fyrir vanskilum.

endurtekið seld á hækkanði verði á stuttu tímabili í þeim tilgangi að innleisa verðhækkunar. Hann hvetur eftirlitsaðila til að stíga varlega til jarðar í þessum efnunum og að gaumgæfa hvert skref sem er tekið í þá átt að hafa áhrif á fasteignamarkaðinn.

## Ákveðinn hópur enn skuldsettur

Í síðasta riti Seðlabankans um fjármálastöðugleika kemur fram að ef

## Skuldir heimila sem hlutfall af landsframleiðslu (%)



áðeins sé horft til einstaklinga með íbúðaskuldir var um fimmti hver einstaklingur með veðsetningarhlutfall sem var 85 prósent eða herra. Þá hafi greining Fjármálaeftirlitsins á nýjum íbúðalánunum bankanna, Íbúðalánasjóðs og stærstu lífeyrissjóðanna yfir tímabilið júlí 2015 til janúar 2017 sýnt að algengast er að lánatakendur séu með um 80 prósent veðsetningarhlutfall við kaup á nýju

húsnæði. Fyrir um fjórðung nýrra lána var skuldsetning hins vegar umfram 80 prósent og fyrir rúmlega átta prósent lána var skuldsetningin 90 prósent eða meiri. Miðað við veitt íbúðalán á fyrrnefndu tímabili hefði takmörkun veðsetningarhlutfalls við 80 prósent haft áhrif á um fjórðung lánveitinga en takmörkun við 85 prósent haft áhrif á 15 prósent nýrra lána. [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

## Sjá um skráningu Heimavalla

Heimavellir hafa samið við Íslandsbanka og Kviku um að fyrirtækin sjái um skráningu leigufélagsins á Aðalmarkað Kauphallar Íslands síðar á þessu ári. Íslandsbanki mun sjá um ritun skráningarlýsingar félagsins og Kvika leiða sölufæri á hlutum í félaginu í samvinnu við ríkisbankann.

Þetta kemur fram í kynningu af aðalfundi leigufélagsins sem haldinn var þann 6. apríl. Líkt og komið hefur fram er stefnt að skráningu félagsins á síðasta ársfjórðungi og verða Heimavellir þá fjórða fasteignafélagið á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Markaðurinn greindi í síðustu viku frá því að markaðsverðmæti Heimavalla nemur nú 16,2 milljörðum króna og hefur hækkað um 12,3 milljarða á einu ári. Gengi bréfa þessa stærsta leigufélags landsins hækkaði á sama tíma um 38 prósent eða úr 1,3 krónum á hlut í 1,8. Stjórnendur félagsins munu hefja formlegt skráningarferli þess um miðjan þennan mánuð.



Guðbrandur Sigurðsson er framkvæmdastjóri Heimavalla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagið leigir nú út, eða er með í byggingu, alls um 2.020 íbúðir og horft er til þess að íbúðum þess á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 400 á næstu tveimur árum. Í fyrra hófu Heimavellir framkvæmdir við nýbyggingar í Reykjavík, Mosfellsbæ

og Hafnarfirði og á Akureyri og Akranesi. Eignir þess hækkuðu úr 10,4 milljörðum árið 2015 í 43 milljarða í fyrra og skuldarnar úr 8,2 milljörðum í 29,9. Eigið fé var 2,1 milljarður árið 2015 en 13,4 milljarðar ári síðar. –hg

**Sjónvarpsdreifikerfi**  
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

**sart** SAMTÖK RÁFVERKTAKA



# NÝR JAGUAR F-PACE SPORTJEPPI SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR.



ENNEMM / SIA / NM81926

F-PACE er fyrsti hraðskreiði jeppinn í Jaguar-fjölskyldunni. Hér er kominn ótrúlega hagkvæmur sportbíll sem sameinar einstaka fegurð og snarpa aksturseginnleika. F-PACE er afar afkastamikill og með honum er hægt að velja aldrif eða afturhjóladrif og AdSR-gripkerfi sem greinir mismunandi yfirborð til að tryggja hámarksgrip. Hægt er að velja úr mörgum öflugum vélum sem eyða frá 4,7 l/100 km\* og losa frá 139 g/km í blönduðum akstri. Í bílnum er rúmgóð 650 l farangursgeymsla auk þess sem fjölhæf 40:20:40 sætaskipanin býður upp á allt að 1.740 l farangursrými. Aukin þægindi eru fólgin í tómstundalyklinum, vatnsheldu armbandi sem læsir og aflæsir F-PACE. Hægt er að hafa það á sér í stað lykils með fjarstýringu. InControl upplýsinga- og afþreyingarkerfið sér svo um afþreyingu og tengingu til að allir njóti hvorrar einustu ökuferðar.

[jaguarisland.is](http://jaguarisland.is)

## THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar F-Pace, sjálfskiptur, dísil: Verð frá 7.490.000 kr.

\* Eldsneytisnotkun miðast við uppgæfnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

WORLD CAR OF THE YEAR  
**WINNER**



WORLD CAR AWARDS  
**2017**

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)







# Samningur Silicor um raforku rann út

Silicor Materials þarf að endursemjja við Orku náttúrunnar um helming þeirrar raforku sem risaverksmiðjan á Grundartanga þarf. Ekki enn búið að semja við Landsvirkjun og fjármögnun verkefnisins miðar hægt. Þetta er langhlaup, segir stjórnarmaður í félaginu.

Samkomulag sem átti að tryggja Silicor Materials um helming þeirrar raforku sem fyrirhugað sólar-kísilver bandaríska fyrirtækisins á Grundartanga þarf rann út í lok mars. Verksmiðjan er því rafmagnslaus og þurfa forsvarsmenn hennar nú að endursemjja við Orku náttúrunnar og halda áfram viðræðum við Landsvirkjun sem hafa staðið yfir með hléum í á fjórða ár. Fjármögnun þessa stærsta kísilverkefnis landsins miðar hægt og í haust rennur út lokafrestur um gildistöku samnings um lóð undir verksmiðjunum.

„Menn eru enn í viðræðum við Orku náttúrunnar. Það sem þarf að gera er að setjast niður og semja um framhaldið. Við erum nú að vonast til að það verði gert,“ segir Davíð Stefánsson, stjórnarmaður í Silicor Materials Iceland Holding hf. og talsmaður fyrirtækisins hér á landi.

## Sömdu haustið 2015

Stjórnendur ON, dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, skrifuðu undir viljayfirlýsingu um sölu á 35 megavöttum af raforku til Silicor Materials í júlí 2014. Afhending orkunnar átti þá að hefjast árið 2016 en engin áform um byggingu nýrra virkjana fylgdi samkomulaginu. Fréttablaðið hafði fimm mánuðum áður greint frá áformum Silicor um byggingu risaverksmiðjunnar á Grundartanga sem þarf 85 megavött á ári í fullum afköstum. Var þá gert

**Menn eru enn í viðræðum við Orku náttúrunnar. Það sem þarf að gera er að setjast niður og semja um framhaldið.**

Davíð Stefánsson, talsmaður Silicor Materials á Íslandi



råd fyrir kísilveri sem gæti framleitt um sextán þúsund tonn af sólar-kísil á ári og skapað um 450 störf. Viðræður við Landsvirkjun um kaup á þeim megavöttum sem verksmiðjan þarf til viðbótar voru þá hafnar og til stóð að framkvæmdir á lóðinni færu af stað í árslok 2014 og verksmiðjan tæki til starfa um tveimur árum síðar.

Silicor samdi í mars 2015 við þýska stórfyrirtækið SMS Siemag um kaup á tækjum og vélum fyrir verksmiðjunum. Sá samningur var á þeim tíma metinn á 70 milljarða króna og fjórum mánuðum síðar náðust samningar við danska verktafyrirtækið MT Højgaard um byggingu verksmiðjuhússins. Var þar um framkvæmd upp á tæpa 30



**Fyrirtækið vill framleiða sólar-kísil fyrir sólasellur með framleiðsluáferð sem bandaríska fyrirtækið er með einkaleyfi á.**

MYND/SILICOR-MATERIALS

milljarða króna að ræða miðað við þáverandi gengi.

Samningur um sölu ON á 40 megavöttum til verksmiðjunnar var undirritaður í september 2015. Um var að ræða fyrsta raforkusölu-samning ON við stórnotanda eftir að fyrirtækið tók við virkjanarekstri og raforkusölu móðurfélagsins í ársbyrjun 2014. Samningurinn var undirritaður við athöfn í Elliðaárstöðinni í Reykjavík og þá tilkynnt að upphæð hans væri í Bandaríkjadöllum og verðið fyrir orkuna herra en það sem ON hefði áður fengið fyrir sama magn. Samningurinn var til fimmtán ára, með möguleika á framlengingu, og átti afhending orkunnar að hefjast árið 2018. Í kjölfarið var gerður skilmálasamningur við Landsvirkjun með þeim fyrirvara að ríkisfyrirtækið gæti ekki afhent orkuna fyrr en árið 2020. Endanlegt samkomulag við Landsvirkjun er enn ófrágengið.

„Það eru enn þá í gangi viðræður við Landsvirkjun. Ég veit ekki betur, en núna hefur verkefnið verið í svólitlum hægagangi og því eru þessi mál öll í biðstöðu,“ segir Davíð.

## Hefur áhuga

Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar, segir orkufyrirtækið ekki geta svarað spurningum Markaðarins „um efni trúnaðarsamninga sem við gerum eða um það hvort eða hvaða forsendur hafa eða hafa ekki gengið eftir“.



Terry Jester, forstjóri Silicor Materials, og Páll Erland, þáverandi forstjóri Orku náttúrunnar, undirrituðu samkomulagið í september 2015. MYND/ON



Silicor Materials hefur stefnt að sólar kísilveri á Katanesi á Grundartanga frá árinu 2013.

„Því vísa ég því frá mér að svara spurningum þínum á þessu stigi málsins varðandi málefni sem bundin eru trúnaði milli samningsaðila,“ segir í skriflegu svari Bjarna.

Samkvæmt upplýsingum frá Ásgeiri Margeirssyni, forstjóra HS Orku, skrifaði fyrirtækið undir viljayfirlýsingu um sölu á fimm megavöttum til Silicor Materials í júlí 2015.

„Upphafleg tímasetning hennar er runnin og aðilar máls eru í góðum viðræðum um framhald málsins, þannig að það er alls ekki út úr myndinni,“ segir í svari Ásgeirs við fyrirspurn Markaðarins.

**Verkefni í biðstöðu**

Heildarfjárfesting verksmiðjunnar, sem á að framleiða sólar kísil fyrir sólarhlöð, nemur um 900 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði 95 milljarða króna. Fyrri hluta fjármögnunar hennar lauk í ágúst 2015 en þar var um að ræða fjórtán milljarða króna hlutafjáröfnun. Samkvæmt fréttatilkynningu lagði samlagshlutafélagið Sunnuvelli, í eigu íslenskra lífeyrissjóða og fagfjárfesta, þá fram tæplega sex milljarða eiginfjárframlag. Átta milljarðar ættu að koma frá Hudson Clean Energy Partners, bandarísku fjárfestingarfélagi sem sérhæfir sig í verkefnum í endurnýtanlegri orku, og þýska iðnfyrirtækinu SMS Siemag.

Fréttablaðið greindi í byrjun janúar frá óánægju sem gætir meðal íslenskra einkafjárfesta sem tóku þátt í hlutafjáröfnuninni. Hún stafi af því hversu hægt fjármögnun verksmiðjunnar miðar, en seinni hluta hennar átti að vera lokið haustið 2016, og að það hefði komið nokkrum fjárfestum á óvart hversu langan tíma það hefur tekið að tryggja verkefninu eigið fé, lánsfjármögnun og þá raforku sem til

þarf. Fjárfestarnir eiga alls 3,5 prósent í Silicor Materials Iceland Holding í gegnum sex einkahlutafélög. Auðmennirnir Sigurður Sigurgeirsson, byggingaverktaki í Kópavogi, Jón Árni Ágústsson, fyrrverandi hluthafi í spænska lyfjafyrirtækinu Invent Farma, og hjónin og fjárfestarnir Finnur Reyur Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir fjárfestu öll í verkefninu. Það gerðu einnig þeir Ingi Guðjónsson, stofnandi Lyfju og viðskiptafélagi Jóns Árna í Invent Farma, Berglind Björk Jónsdóttir, fjárfestir og tónlistarkennari, og eigendur Málningar hf. í Kópavogi.

Seinni hlutanum átti að ljúka með lánsfjármögnun Þróunarbanka Þýskalands KfW. Samkvæmt umfjöllun Viðskiptablaðsins um verkefnið á þýski bankinn að standa undir 60 prósentum af heildarkostnaðinum. Ein helsta ástæðan fyrir því að ekki er búið að klára þá fjármögnun sé sú að bankinn geri meðal annars kröfu um að strategiskur iðnaðarfjárfestir taki þátt í verkefninu.

„Fjármögnunin og aðrir þættir verkefnisins eru eiginlega í biðstöðu. Nú er beðið eftir niðurstöðu dómsmálsins fyrir héraðsdómi og við erum að fara yfir alla samninga en að öðru leyti er voða lítið að fréttu,“ segir Davíð.

*Þið stefnið þó enn að því að byggja verksmiðjuna? Það hefur komið fram að þið ihugið að minnka verkefnið?*

„Það er eitt sem menn hafa verið að skoða eða það að minnka verkefnið. En það er of snemmt að tala eitthvað um það fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir. Menn hafa enn þá áform um að fara í þetta verkefni en þetta er mikið langhlaup eins og flest þessi verkefni eru,“ segir Davíð.

*Hvenær gerið þið þá ráð fyrir að framkvæmdir hefjist?*

„Það er ekkert sem ég get gefið út.“



**Langstærsta kísilverkefnið hér á landi**

Fjögur kísilverkefni hafa verið í undirbúningi hér á landi síðustu ár. Sólar kísilver Silicor Materials er langstærst þeirra en verksmiðjan sem fyrirtækið vill byggja á Katanesi, rétt hjá álveri Norðuráls á Grundartanga, á að skapa 450 störf og kosta um hundrað milljarða króna. Starfsemi Silicor verður frábrugðin hinum kísilverkefnum að mörgu leyti en þá helst vegna þess að í hinum þremur á framleiðsla á kísilmálmum að skapa tekjur en ekki á hinum svokallaða sólar kísil sem notaður er í sólarcellur.

Verksmiðja Silicor Materials hér á landi hefur verið í undirbúningi síðan 2013. Eina kísilverið sem hefur hafið framleiðslu er rekið af United Silicon í Helgúvík og var

gangsett í nóvember síðastliðnum. Forsvarsmenn verkefnisins höfðu þá unnið að byggingu kísilveris í Helgúvík í um tíu ár og fyrstu árin undir merkjum íslenska kísilfélagsins ehf. Þar hefur félagið Thorsil hf. einnig fengið úthlutað lóð en fjármögnun þeirrar verksmiðju er ekki lokið. Fyrir um sex árum horfðu forsvarsmenn þess verkefnis til iðnaðarsvæðisins á Bakka við Húsavík og áttu þá í viðræðum um lóð við bæjaryfirvöld í Norðurþingi. Þar standa nú yfir framkvæmdir þýsku fyrirtækjasamsteypunnar PCC, í gegnum íslenska dótturfélagið PCC BakkiSilicon, á fjórða kísilverkefninu. Gert er ráð fyrir gangsetningu kísilverisins á Bakka í lok þessa árs.

**Frestur fram á haust**

Terry Jester, forstjóri Silicor Materials, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 19. mars í fyrra að helstu samningar um fjármögnun sólar-

kisilverisins væru á lokastigi. Ef fjármögnun verkefnisins klárast hefur fyrirtækið aftur á móti gefið út að það muni ekki hefja framkvæmdir fyrir en Héraðsdómur Reykjavíkur

**Menn hafa enn þá áform um að fara í þetta verkefni en þetta er mikið langhlaup eins og flest þessi verkefni eru.**

Davíð Stefánsson, talsmaður Silicor Materials á Íslandi

hefur dæmt í máli sem Kjósarhreppur, Umhverfissvæðin við Hvalfjörð og fjöldi einstaklinga, þar á meðal Skúli Mogensen, forstjóri WOW air og landeigandi í Hvalfirði, höfðu gegn Silicor, Skipulagsstofnun og íslenska ríkinu. Aðalmeðferð í málinu hófst í febrúar en þar reyna stefnendur að fá hnekkt ákvörðun Skipulagsstofnunar um að verksmiðjan þurfi ekki að fara í umhverfismat.

Forsvarsmenn bandaríska fyrirtækisins eru einnig undir tímapressu frá Faxaflóahöfnum. Í maí árið 2014 var skrifað undir viljayfirlýsingu um að Silicor fengi lóð á Grundartanga undir sína starfsemi. Ári síðar var undirritaður samningur um lóðaleigu, lóðagjald og afnot af höfn sem átti að taka gildi í apríl 2016. Líkt og með samninginn við Orku náttúrunnar var samið við Faxaflóahafnir með fyrirvara um að fjármögnun verksmiðjunnar kláraðist.

Faxaflóahafnir gáfu Silicor lokafrest í janúar á gildistöku samninganna sem undirritaðir voru vorið 2015. Hefur fyrirtækið nú fram til septembermánaðar áður en það þarf að standa skil á gjöldum til eiganda lóðarinnar.

haraldur@frettabladid.is





Erna Gísladóttir, forstjóri BL. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ótrúleg lífsreynsla að ferðast til Mjanmar

### Svipmynd

Erna Gísladóttir

Erna Gísladóttir, forstjóri BL, tók fyrst við forstjórásæti bílaumboðsins árið 1991 og gegndi því til 2007 þegar fjölskylda hennar seldi fyrirtækið. Árið 2011 sneri hún aftur og keypti BL og hefur síðan þá stýrt fyrirtækinu út úr niðursveiflunni sem varð í sölu á bílum í kjölfar efnahagshrunsins. Erna verður framsögumaður á ársfundi Samáls á fimmtudaginn, en BL hóf nýverið sölu á jagúar sem framleiddur er að mestu úr áli, og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

**Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?** Ég hélt að það yrði erfiðara að lyfta gjaldeyrishöftunum, þar hefur tekist vel til en við verðum að fara að sjá hér lægri vexti. Ökyrröðin erlendis bæði vestan hafs og austan er meiri en ég bjóst við. Við erum að færast í óstöðugra alþjóðlegt umhverfi sem getur haft skjót áhrif hér innanlands.

**Hvaða app notarðu mest?** Ég nota Snapchat mest og við höfum náð skemmtilegum tengingum í fjölskyldunni með því, nú geta allir fylgst með öllum. Ég er nýbyrjuð að

nota Whatsapp til að komast í samband við gamla skólafélaga frá IESE á Spáni.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Við förum mikið upp í sumarbústað og í ferðir til útlanda með fjölskyldunni. Það er alltaf gaman að koma á nýjar slóðir, við förum til Mjanmar sem var ótrúleg lífsreynsla. Ég verð þakklát fyrir að vera Íslendingur þegar maður hefur upplifað hvernig fólk býr þar. Laxveiðin er líka skemmtileg í fallegri íslenski náttúru.

**Hvernig heldur þú þér í formi?** Ég reyni að fara reglulega í ræktina. Það er alltaf gott líka að fara út í góðar göngu- og hjólaferðir. Við hjónin reynum líka að skreppa í golf þegar tími gefst til bæði hérlendis og erlendis.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?** Á playlistanum hjá mér eru Coldplay, Of Monsters and Men, U2, ABBA og svo er ég næstum alæta á eitistónlist.

**Ertu í þínu draumastarfi?** Já, ég vinn með skemmtilegu samstarfsfólki í síbreytilegu umhverfi. Við eigum í samskiptum við erlenda birgja, innlenda viðskiptavinum og erum sistækkandi hópur með sameiginleg markmið. Er nokkuð hægt að biðja um meira?

# Gervigreind getur umbylt netverslun

Visindamaðurinn á bak við Siri heldur fyrirlestur í dag í Hörpu. Hann hefur smíðað forrit sem nýtir gervigreind í vefverslunum. Hann segir slíka tækni leiða til þess að viðskiptahlutfall og heildarviðskipti á síðunum aukist.

Gervigreind mun að mínu mati leika svipað hlutverk í framtíðinni og tölvur gera nú í lífi okkar. Ég trúir því að gervigreind hafi möguleikann á að vera alhliða í notkun og að við séum rétt að snerta yfirborðið í notkun tækninnar núna," segir dr. Babak Hobjat, visindamaðurinn á bak við Siri-vöru Apple.

Babak Hobjat verður einn af aðalfyrirlesurum á vörfundum RB sem ber yfirskriftina Innreið fjártækni fyrirtækja á fjármálamarkaðinn og verður haldinn í dag í Hörpu. Hobjat er með doktorsgráðu í gervigreind. Hann er forstjóri og einn af stofnendum Sentient Technology sem hefur smíðað forrit um kaup og sölu hlutabréfa byggt á gervigreind, einnig hefur fyrirtækið þróað gervigreind til notkunar í vefverslunum.

Að mati Hobjat getur gervigreind umbylt verslun á netinu. „Við höfum selt gervigreindartækni til viðskiptavina á borð við Sunglass Hut og Skechers. Það sem tæknin gerir er að hún radar vörum upp eftir því hvað hún skynjar að viðskiptavinurinn hefur áhuga á og er að leita að, þannig að viðskiptavinurinn ætti fljótlega að geta fundið það sem hann er að leita að.“

„Það sem er áhugavert við þetta er að viðskiptahlutfallið hækkar um 30 til 40 prósent við að nýta svona tækni, viðskiptavinir versla meira. Að auki hækkar meðalupphæðin sem keypt er fyrir," segir Hobjat.

Hann bætir við að með tækni Sentient sjái viðskiptavinir mun betur úrvalið hjá netverslunum. „Að öllu jöfnu sjá viðskiptavinir einungis 10 til 15 prósent af vörum netverslana en með gervigreind sjá viðskiptavinir yfir 75 prósent af vörunum. Við höfum borið saman tækni okkar við gervigreindina sem Amazon notar og sjáum að þar, ef þú ert að leita að skóm, býður Amazon þér að skoða sokka eða buxur af því



Að mati dr. Babak Hobjat gætu íslensk fyrirtæki jafnt og önnur nýtt sér gervigreindartækni fyrir netverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það sem er áhugavert við þetta er að viðskiptahlutfallið hækkar um 30 til 40 prósent við að nýta svona tækni, viðskiptavinir versla meira. Að auki hækkar meðalupphæðin sem keypt er fyrir.

að aðrir sem voru að kaupa skó vildu þá vöru. Við teljum að viðskiptavinurinn vilji frekar sjá vörur sem eru líkari leit þeirra sjálfra, til dæmis aðra skó.“

Að mati Hobjat felur tækni Sentient ekki síður í sér mikil tækifæri í verslun í gegnum farsíma. „Við sjáum svipaða aukningu í viðskiptahlutfalli hjá netverslunum í farsíma. Margir hafa varið töluverðum fjármunum

í að byggja upp vefverslanir sínar fyrir farsímaviðmót en fólk hefur ekki verslað í sínum sínum á sama hátt og í tölvum. Við teljum að það sé af því að það er erfiðara að versla í gegnum síma, en með gervigreindartækni eykst verslun.“ Hobjat segir þá hafa góða reynslu af því að selja þessa tækni undanfarið eitt og hálf t.ár.

Að hans mati gætu íslensk fyrirtæki jafnt og önnur nýtt sér þessa tækni. „Sérstaklega ef þau eru að selja sérhæfða vöru, þá held ég að þetta sé mikilvægt upp á vefverslun.

Ég held að framtíð verslunar auðgíst við gervigreind. Í dag standa viðskiptavinir frammi fyrir endalausum síðum sem ekki eru sniðnar að þeirra þörfum þegar þeir versla á netinu, það er þörf á aðstoðarmanni við verslun og ég held að gervigreindin sé hann.“ [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)

# Ætlar Airbnb á markað?



Björgir Stefánsson forstöðumaður fyrirtækja- og fagfjárfestaradgjafar VIB.

Airbnb hefur formlega lokið eins milljarðs dollara fjármögnun á lokuðum markaði sem gerir núverandi verðmæti fyrirtækisins um 31 milljarð dollara, en það voru fjárfestahóparnir Google Capital og Technology Crossover Venture sem leiddu kaupin. Forstjóri Airbnb, Brian Chesky, virðist ekki vera á þeim buxunum að flýta fyrir skráningu fyrirtækisins á hlutabréfamarkað þrátt fyrir þrálátan orðróm og að staða þess sé betri en margra sem nýlega hafa farið í gegnum skráningu vestanhafs. Frekari fjármögnun virðist vera auðveld en undanfarið ár hefur tekist að safna þremur milljörðum dollara án þess að tilkynnt hafi verið um skráningu.


Seinni helming ársins 2016 skilaði Airbnb um 450 milljónum dollara í brúttóhagnað af um 2,8 milljarða tekjum. Til samanburðar má nefna að Snapchat, sem nýverið var tekið til viðskipta í kauphöll, skilaði tapi upp á 514 milljónir dollara í fyrra.

Til skamms tíma má segja að tekjur fyrirtækisins séu nokkuð fyrirsjáanlegar sem ætti að vera gott veganesti til skráningar á markað.

**En hvers vegna fara þeir ekki á markað strax?** Einn möguleiki er að fyrirtækið vilji sýna meiri hagnað áður en formlegt skráningarferli hefst. Annar möguleiki er áhersla á aukna fjölbreytni í tekjuöflun fyrirtækisins sem hefur sýnt sig í yfirtökum og samrunum síðustu ára. Netsíðan Luxury Retreats var keypt, en þar er hægt að bóka frí með fullri þjónustu. Einnig keypti Airbnb fyrirtækið Tilt sem þróað greiðsluferli í gegnum samfélagsmiðla. Þar sem fyrirtækið stendur vel er ekki ólíklegt að það haldi áfram að tryggja stöðir fyrirtækisins með fleiri tekjupóstum til að vera enn betur undir skráningu búið þegar og ef að slíku kemur.

Nýjasta þjónustuframboð Airbnb er svokallað Airbnb Trips, sem býður viðskiptavinum afþreyingu sem er stýrt af heimamönnum á hverjum áfangastað. Næsta viðbót er talin vera valmöguleikinn á bókun flugs í gegnum heimasíðuna sem myndi loka hringnum fyrir ferðabókun viðskiptavina.

**Getur Airbnb hækkað enn frekar í virði?** Áhugavert verður að sjá hvort félaginu takist að vaxa hraðar en aðrir keppinautar og tryggja sér afgerandi



Seinni helming ársins 2016 skilaði Airbnb um 450 milljónum dollara í brúttóhagnað af um 2,8 milljarða tekjum.

forskot á þessum ört vaxandi markaði. Hið nýja módel brýtur upp gamla formið á hótél- og gistihúsabókunum þar sem ekki þarf lengur að vera með mikinn rekstur í kringum útleigu á íbúð eða húsum og auðvelt er að komast í samband við kaupendur og seljendur þjónustunnar.

Í dag er Airbnb langt komið með að vera stærsti einstaki söluaðilinn í alþjóðlega ferðamannabransanum, sem er með um 2.000 milljarða dollara í árlega veltu. Þannig er Airbnb orðið verðmætara en hótélkeðjurnar

Hilton og Hyatt, flugfélögin United Airlines og American Airlines sem netsíður Expedia og Ctrip. Fjárfestar hafa þó ástæðu til að hafa varann á vegna aukinnar samkeppni, vaxandi kvaða frá yfirvöldum og síðast en ekki síst hækkanði verðlags.

Talsvert er rætt um möguleikann á skráningu félagsins á markað en ýmislegt getur haft áhrif á verðið þegar og ef þar að kemur. Eftirtalin fimm atriði gera stöðu fyrirtækisins sterka og möguleika á enn frekari vexti:

- 1) Airbnb keppir á stórum markaði sem tekur örur breytingum.
- 2) Airbnb hagnast á breyttum ferðavenjum ferðamanna.
- 3) Félagið er nú þegar leiðandi í útleigu á gistirými sem ekki telst til hótels eða gistiheimila.
- 4) Vaxtarmöguleikar eru margir og áhugaverðir og fyrirtækið er þegar byrjað að breikka starfsemi sína.
- 5) Opíð og gegnsætt markaðstorg kaupenda og seljanda hefur reynst vel.

Ljóst er að Airbnb er að vaxa hratt á markaði sem ekki var til fyrir nokkrum árum en tilheyrir hinum risastóra markaði ferðamennsku sem hefur alla möguleika til að vaxa enn meira á næstu árum. Það verður því spennandi að fylgjast með viðtökunum ef af skráningu verður.





# SKEMMTILEGA VINNUTENGDUR

Fyrirtæki, sem greiða fjarvinnutengingar starfsmanna, geta fært starfsfólki sínu fyrsta flokks sjónvarpsafþreyingu með Fjarvinnupakka 365.

Endalaust net, Skemmtipakki Stöðvar 2 og netbeinir.

Vafraðu áhyggjulaus á netinu á öruggri tengingu. Enginn aukakostnaður við gagnamagnspakka eða umfram niðurhal bætist við.



MARGFALT SKEMMTILEGRI



## Skotsilfur



## Mikill fengur

Kviku tókst það sem mörg önnur fjármálfyrirtæki höfðu um langt skeið reynt án árangurs – að fá



**Marinó Örn Tryggvason** til liðs við sig þar sem hann mun taka við sem aðstoðarforstjóri. Marinó hafði starfað um árabíl hjá Arion banka og forverum hans, síðast sem aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar, og var einn af þeim sem Höskuldur Ólafsson treysti hvað best innan bankans. Marinó þykir einn sá færasti á sviði eignastýringar á markaði og með nán tengsl við helstu lífeyrissjóði. Vitað er að Guðmundur Þórðarson, stjórnarmaður í Kviku, og Sigurður Bollason, einn stærsti hluthafi bankans, beittu sér fyrir því að fá Marinó til bankans. Það ætlunarverk tókst – að lokum.

## Ekkert fararsnið

Bandaríski vognunarsjóðurinn Anchorage Capital á það sameiginlegt með ýmsum öðrum í kröfuhafahópi föllnu bankanna að það er ekkert fararsnið á sjóðnum þótt búið sé að ljúka skuldaskilum. Sjóðurinn var stofnaður af fyrrverandi starfsmönnum Goldman Sachs, meðal annars **Kevin Ulrich**, og er stærsti kröfuhafi LBI. Hann keypti íslenska hugbúnaðarfyrirtækið LS Retal 2015 og er núna að skoða ýmis fjárfestingatækifæri á Íslandi en sjóðurinn var á meðal þeirra sem gerðu á dögnum skuldbindandi tilboð í Keahótel, eina stærstu hótélkeðju landsins.




## Sat í stjórninni

Fullyrðingar um að Akureyrarbær hafi verið blekkur í fyrra þegar hann tók tilboði KEA í fimmtán prósentu hlut í Tækifæri á 116 milljónir halda ekki vatni. Félagið hagnaðist um 555 milljónir í fyrra og Jarðböðin við Mývatn, verðmætasta eign félagsins, mala gull. Þeir sem neita að trúna því að Akureyrarbær hafi einfaldlega tekið tilboði í lokuðu söluférlu sem var of lágt gleyma því að bærinn átti fulltrúa í stjórn, bæjarfulltrúann **Albertinu Friðbjörgu Elíasdóttur**, sem hefði betur kynnt sér reksturinn áður en salan var frágengin.



## Sala Mitsubishi dróst saman



## MITSUBISHI MOTORS



**Osamu Masuko, forstjóri Mitsubishi, kynnti afkomutölur japanska bílaframleiðandans á blaðamannafundi í Tókýó í gær. Reikningsári fyrirtækisins lauk þann 31. mars og hafði sala á bilum fyrirtækisins þá dregist saman um tólf prósent á tólf mánaða tímabili. Afkoman var aftur á móti jákvæð um 5,1 milljarð jena eða 4,7 milljarða króna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Lækkun olíuverðs snýst aðallega um peningamálastefnu



**Lars Christensen**  
alþjóðahagfræðingur

Síðan í byrjun mars hefur olíuverð lækkað mikið og eins og svo oft áður fjallar fjármálaþressan um þetta út frá framboði á olíu frekar en eftirspurn eftir olíu.

Þetta er ekki óvenjulegt. Almenn lækkun olíuverðs síðan 2014 er oft að mestu sögð vera afleiðing einhvers konar hliðarþátta framboðsins – eins og þess að Bandaríkin og Kanada hófu vinnslu úr olíuleirsteini, vegna almennrar tækniþróunar og

hegðunar olíusamtakanna OPEC eða landfræðipólitískrar spennu.

En það sem bæði framboðsfréttirnar og landfræðipólitísku fréttirnar eiga sameiginlegt er að þetta eru fréttir um skammtímaáhrif og oft er miklu erfiðara að sjá þetta ef maður tekur skref aftur á bak frá daglegum breytingum á olíuverði.

Það er reyndar mín skoðun að aðaldrifkrafturinn hvað olíuverð varðar síðasta áratuginn – og sannlega síðan 2014 – hafi verið þróun olíueftirspurnar í heiminum og sérstaklega þróun peningastefunnar í Kína og Bandaríkjunum.

Skammtímaframboð á olíu í heiminum er stöðugt. Þess vegna er líklegt að allar breytingar á væntingum um olíueftirspurn í framtíðinni hafi mikil áhrif á olíuverð, og þar sem Kína og Bandaríkin eru langmikilvægustu olíuotendur í heiminum er eðlilegt að peningamálastefnan í þessum tveimur löndum sé lykilatriði hvað varðar þróun olíuverðs. Ef við byrjum á að líta á aðeins

**Gleymið fréttunum um framboð á olíu – þetta snýst næstum allt um peningamálastefnu Kína og Bandaríkjanna.**

lengri tíma þá höfum við í raun séð olíuverð lækka um helming síðan um mitt ár 2014. Hvað þetta varðar tel ég rétt að muna að Janet Yellen varð seðlabankastjóri Bandaríkjanna í febrúar 2014 og skömmu síðar byrjaði hún að halda því fram að þörf væri á hertri peningamálustefnu í Bandaríkjunum. Afleiðingin varð sú að markaðir fóru að taka þetta með í reikninginn og það varð fljótt sýnilegt á verði dollarsins, sem styrktist verulega 2014 og 2015.

Þegar dollarinn styrktist byrjaði hinn kínverski renminbi að veikjast gagnvart dollarnum. Í fyrstu herti kínverski seðlabankinn peningamálustefnu sína til að halda aftur

af veikingu renminbi. Þannig hertu seðlabankar beggja landanna peningamálustefnu sína samtímis síðari hluta árs 2014 og allt árið 2015. Þetta tel ég hafa verið meginorsök lækkunar olíuverðs 2014 og 2015.

Það er líka athyglisvert að í árslok 2015 tók kínverski seðlabankinn upp þá stefnu að láta renminbi síga smám saman og í febrúar 2016 tilkynnti Janet Yellen að jafnvel þótt Seðlabanki Bandaríkjanna myndi halda áfram að hækka stýrivexti yrði það ekki af eins miklu harðfyllgi og áður hafði verið búist við. Og hvað gerðist? Olíuverð fór hækkandi allt árið 2016.

En síðan í nóvember virðist Alþýðubankinn í Kína hafa bundið enda á gengissig renminbi og Seðlabanki Bandaríkjanna hefur síðan í mars byrjað að hækka stýrivexti á ný. Hvað hefur gerst? Olíuverð hefur lækkað. Gleymið fréttunum um framboð á olíu – þetta snýst næstum allt um peningamálustefnu Kína og Bandaríkjanna.

## Sýnum flott fordæmi – verum fyrirmyndir



**Rakel Sölvadóttir**  
stofnandi Skema og FKA-félagsskona

Það var ekki fyrr en ég flutti til Bandaríkjanna fyrir nokkrum árum sem ég virkilega fann fyrir því hversu langt við erum komin í jafnréttismálum kynjanna á Íslandi. Viðmót og viðhorf karla til kvenna í Bandaríkjunum fannst mér vægast sagt sjokkerandi og í viðskiptaheim-

inum var það „alfa-maðurinn“ sem réð ríkjum og alls ekki sjálfgefið að konur gengju í hvaða störf sem er.

Fyrir þennan tíma skildi ég eiginlega ekki alla þessa umræðu um jafnréttisbaráttu. Ég ólst upp með þá sýn að það væri enginn kynjagættur og að konur jafnt sem karlar gætu tekið að sér hvaða störf sem er og fengið laun í samræmi við framlegð í starfi. Ég á foreldrum mínum það að þakka að ég fékk tækifæri frá unga aldri til að upplifa störf sem þótt hafa karllæg. Ég var ekki nema 8 ára þegar ég fór fyrst á sjó með pabba og á svipuðum aldri

**Það eru nefnilega jákvæðar fyrirmyndir beggja kynja sem skipta máli í baráttunni um jafnrétti.**

fyldist ég með mömmu ná kjöri í bæjarstjórn. Það er því ekki skritið að mér hafi fundist eðlilegast í heimi að konur væru á sjó, að konur væru í pólitík og/eða að konur væru heimavinnandi.

Í dag veit ég að það er jafnréttisbaráttunni að þakka hversu langt

við erum komin miðað við önnur lönd. Það væri ekki raunin nema fyrir baráttu flottra kvenfyrirmynda Íslands sem hafa rutt veginn fyrir okkur sem á eftir komum. Fyrir þær er ég endalaust þakklát og eins fyrir að hafa alist upp með flottar fyrirmyndir beggja kynja mér við hlið. Það eru nefnilega jákvæðar fyrirmyndir beggja kynja sem skipta máli í baráttunni um jafnrétti.

Baráttunni er ekki lokið og það er á ábyrgð okkar allra að vera flottar fyrirmyndir fyrir næstu kynslóðir. Það er ekki síst á ábyrgð ráðamanna að sýna gott fordæmi. En hvernig

fordæmi var forsætisráðherra að senda út þegar hann braut jafnréttislög og axlaði ekki ábyrgð? Eru skilaboðin að það sé í lagi að brjóta lög af því að þú heitir Bjarni Ben eða eru skilaboðin þau að það sé bara yfirhöfuð í lagi? Þessi lög eru til staðar af því að við þurfum enn á jafnréttisbaráttu að halda. Við megum ekki láta það líðast að einn af æðstu stjórnendum landsins klyfi okkur aftur. Sem kona og sem móðir krefst ég þess að Bjarni Ben segi af sér og sýni það fordæmi sem hann óskaði af Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma.



# Ludovico Einaudi [elements]



17.07.17

Ítalska tónskáldið og píanóleikarinn Ludovico Einaudi verður með tónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 17. júlí.

Einaudi leikur þar úrval verka af nýjustu plötu sinni „Elements“ auk fjölda annarra verka frá hans magnaða tónsmíðaferli.

Elements inniheldur tólf hljóðverk þar sem leikið er á píanó, strengjahljóðfæri, slagverk, gítar og rafhljóðfæri. Verkin eru innblásin af frumpáttum náttúrunnar, stærðfræði og vísinda, ólíkum tónlistar stefnum og listaverkum.

„Hann er mitt á milli hafta klassískrar tónlistar og ákafa poppmelódíunnar.“

The  INDEPENDENT

„Píanisti á Guðs vegum.“

The Daily Telegraph

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA  
NÚNA Á TIX.IS EÐA Í  
MIÐASÖLU HÖRPU  
SÍMA - 528 5050**

**PROVENTS** **tix** : **IS**



## Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

## Vandratað einstigi

Túristabólan á Íslandi virðist engan enda ætla að taka. Riflega tvær milljónir ferðamanna koma til landsins á þessu ári og þeim hefur nú fjölgað um fjórðung eða svo ár frá ári.

Í sjálfu sér er ekkert sem segir að þeim geti ekki fjölgað allverulega til viðbótar. Ísland er stórt land og hér búa fáir. Til að mynda koma um sex milljónir túrista til Kaupmannahafnar á ári hverju. Ljóst er að á Íslandi fengu sex milljónir ferðamanna meira pláss til að athafna sig en í þrengslunum í Kaupmannahöfn. Allt eins líklegt er því að þessi mikla aukning geti haldið áfram í talsverðan tíma áður en hápunktinum verður náð.

Ekki er verið að benda á nein ný sannindi þegar sagt er að ljóst er að aðstaða og umbúnaður ferðamanna hér á landi eigi nokkuð í land. Við hverju öðru er annars að búast þegar ferðamannfjöldi hefur allt að því sjöfaldast frá aldamótunum síðustu? Enginn hafði slíka framsýni að stinga upp á því að búið yrði í haginn fyrir þennan mikla mannfjölda. Stjórnvöldum er því nokkur vorkunn að standa frammi fyrir þessu risavaxna verkefni. Þar er ekki einungis hægt að benda á framtaksleysi.

Hins vegar er raunveruleg hættu á að Ísland verði minnisvarði um land sem fékk of margar heimsóknir á of skömmum tíma. Fyrirætlanir um einhvers konar ferðamannaskúr við Seljalandsfoss eru gott dæmi um mistök sem þarf að forðast. Fólk kemur hingað til að njóta óspilltrar náttúru. Allar viðbætur þurfa að taka mið af því og falla inn í umhverfið. Annars skemmist einfaldlega upplifunin.

Ferðamannaflaumurinn, og tilheyrandi gjaldeyrisstraumur, hefur líka þá hliðarverkan að íslenska krónan hefur styrkst upp úr öllu valdi. Fyrir Breti sem hingað kemur hefur verið hækkað um tæplega fjórutíu prósent á einu ári – hamborgari á veitingastað sem fyrir ári kostaði tíu pund og þótti dýr, kostar nú 14 pund og þykir svo dýr að ekki er hægt að réttlæta kaupin. Þeir sem greiða með evrum eða dollurum eru litlu betur settir. Það þarf ekki mikið meira til svo fólk hætti einfaldlega að koma.

Verðlag, styrkur gjaldmiðilsins og hættan á því að túristarnir fái einfaldlega nóg eru allt raunverulegar hættur sem steðja að íslenskum ferðamannaíðnaði. Við þurfum að bregðast við áður en í óefni er komið. Í þeim efnum þarf pólitíska forystu. Hins unga og efnilega ferðamálaráðherra biður ærið verkefni.



## Íslandsbanki missir tvo miðlara

Tveir verðbréfamiðlarar hafa hætt störfum hjá Íslandsbanka með skömmu millibili. Þannig hefur Matei Manolesco sagt upp hjá bankanum, aðeins þremur mánuðum eftir að hann tók þar til starfa, og ráðið sig til Fossa Markaða, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Þar á hann að fylla í skarð Hannesar Árdals, sem lét af störfum hjá Fossum í síðasta mánuði, í miðlun skuldabréfa. Áður en Matei fór til Íslandsbanka hafði hann verið



hjá Landsbréfum sem sjóðstjóri. Þá hefur Landsbankinn fengið til sín Hörð Steinar Sigurjónsson en hann starfaði áður í verðbréfamiðlun Íslandsbanka. Hörður Steinar mun taka til starfa í markaðsviðskiptum Landsbankans með áherslu á miðlun hlutabréfa en Arnar Arnarson, sem hafði verið lykilmáður í hlutabréfateymi Landsbankans um árabíl, hætti störfum í bankanum í byrjun síðasta mánaðar og réð sig til Kviku. – hae



Þjóðfélagssumræðan sem spannst af því að tæplega þriðjungur hlutafjár Arion banka skipti nýlega um hendur var óvenju tilfinningarík. Ljóst er að Íslendingum er umhugað um að stjórnarhættir sem tíðkuðust í aðdraganda fjármálaáfallsins 2008 endurtaki sig ekki.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME.



Opið sölufjerli – sveigjanleg kaup og stækkunarmöguleikar

## VILTU EIGNAST STÆRSTA HÓTEL Á VESTURLANDI?

Til sölu er Hótel Bifröst og fjöldi fasteigna í sannkallaðri náttúruferlu miðsvæðis á Vesturlandi.

Hótel Bifröst tilheyrir 51 herbergi og 170 manna veitingasalur í fullum rekstri. Auk þess eru til sölu tvær fasteignir með 48 litlum íbúðum sem nýst geta undir hótélrekstur. Fjárfestum þjóðast einnig til kaups fasteignir með möguleika á frekari stækkun, alls 88 herbergi. Hægt er að kaupa rekstur hótelsins og hluta eignanna og semja um frekari kaup í áföngum.

Vesturland er nú eitt helsta vaxtarsvæði ferðaþjónustunnar og miklar fjárfestingar hafa átt sér stað þar í innviðum; gistingu, afþreyingu og þjónustu. Náttúrufergurðin á Vesturlandi er rómuð og áhersla yfirvalda er á að beina fleirum á Vesturland.



Capacent hefur yfirumsjón með sölufjerlinu og hafa ráðgjafar þess tekið saman upplýsingar um rekstur hótelsins, rekstrarumhverfi og þær eignir sem eru til sölu í upplýsingaskýrslu sem finna má á [capacent.is](http://capacent.is). Auk Capacent taka neðangreindar fasteignasölur þátt í sölufjerlinu.

Skila þarf tilboðum 8. júní nk.

Borg	Brandur Gunnarsson
Byggð	Björn Guðmundsson
DomusNova	Haukur Halldórsson
Eignamiðlun	Kjartan Hallgeirsson
Fasteigna- miðstöðin	Magnús Leópoldsson
Höfði	Runólfur Gunnlaugsson
Miklaborg	Þröstur Þórhallsson
Valhöll	Ingólfur Gissurarson

Bifröst felur í sér einstakt tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu en svæðið er í einungis um 100 km fjarlægð frá höfuðborginni og hentar því vel sem áfangastaður ferðamanna sem vilja skoða Vesturland, á leið til Vestfjarða eða út á Snæfellsnes. Stutt er frá Bifröst til allra helstu ferðamannastaða Borgarfjarðar.